



Mál nr. S-175/2024 – Drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um veiðigjald, nr. 145/2018.

Niðurstöður samráðs.

Þann 11. september 2024 voru birt drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um veiðigjald, nr. 145/2018.

Í drögum frumvarpsins voru lagðar til breytingar á lögum um veiðigjald, nr. 145/2018, þ.e. ákvæðum 4., 5. og 8. gr. laganna. Lagt var til að veiðigjald á uppsjávartegundir verði hækkað úr 33% í 45%. Þá verði álag á uppsjávartegundir fellt brott ásamt heimild laganna til að draga veiðigjald sem rekstrarkostnað frá tekjuskattsstofni. Frumvarpið byggði að hluta til á umfjöllun um veiðigjald í skýrslu starfshópa Auðlindarinnar okkar - Sjálfbær sjávarútvegur og var ætlað að hluta til að uppfylla markmið fjármálaáætlunar 2025-2029 um hækkun veiðigjalds.

Áform um lagasetningu og mat á áhrifum voru birt í drögum að frumvarpi til laga um sjávarútveg á tímabilinu 24. nóvember 2023 til og með 17. janúar 2024 í máli nr. S-245/2023 og bárust 93 umsagnir um drögin.

Veittur var frestur til og með 30. september 2024 til að skila umsögnum, athugasemdum og ábendingum um drög frumvarpsins. Þrjár umsagnir bárust um drög frumvarpsins, frá Landssambandi smábátaeigenda, Samtökum fyrirtækja í sjávarútvegi og Samtökum atvinnulífsins.

Þakkað er fyrir veittar umsagnir. Ekki verður að framlagningu frumvarpsins þar sem fundum 155. löggjafarþings hefur verið frestað og þinginu lokið.

Matvælaráðuneyti, 22. nóvember 2024.